

FRÉTTIR

Sjávarútvegsráðherra hefur tröllatrú á sjávarútveginum



Morgunblaðið
Úr verinu á morgun

Niðurstöður sameiningarkosninganna 8. október

Suðurnes	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Reykjanesbær	12,9	72,0	28,0	Samþykkt
Sandberðisbær	63,5	8,7	91,3	Felld
Garður	69,3	26,2	73,8	Felld

Reykjanes	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Vatnsleysustrandarhr.	75,2	31,6	68,4	Felld
Hafnarfjörður	14,1	86,6	13,4	Samþykkt

Snæfellsnes	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Eyja- og Miklaholtshr.	84,7	43,3	56,7	Felld
Snæfellsbær	59,4	20,6	79,4	Felld
Grundarfjarðarbær	69,3	14,5	85,5	Felld
Helgafellssveit	70,8	24,2	75,8	Felld
Stykkishólmur	55,0	35,0	65,0	Felld

Dalásýsla og Austur-Barðastrandarsýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Dalabyggð	55,5	62,7	37,3	Samþykkt
Saurbæjarhreppur	68,9	55,3	44,7	Samþykkt
Reykholahreppur	62,6	31,1	68,9	Felld

Vestur-Barðastrandarsýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Vesturbyggð	35,0	41,1	58,9	Felld
Tálknafjarðarhreppur	57,8	28,0	72,0	Felld

Strandasýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Árneshreppur	73,9	32,4	67,6	Felld
Kaldraneshreppur	67,0	13,6	86,4	Felld
Hólmavíkurreppur	44,7	32,6	67,4	Felld
Brodðaneshreppur	51,1	75,0	25,0	Samþykkt

Hrútafjörður	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Bæjarhreppur	82,4	39,3	60,7	Felld
Húnaþing vestra	25,1	57,8	42,2	Samþykkt

Austur-Húnavatnssýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Áshreppur	91,5	40,5	59,5	Felld
Blönduósibær	40,4	86,4	13,6	Samþykkt
Höfðahreppur	68,3	8,4	91,6	Felld
Skagabyggð	68,7	20,0	80,0	Felld

Skagafjörður	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Svf. Skagafjörður	16,4	49,4	50,6	Felld
Akrahreppur	82,4	16,5	83,5	Felld

Eyjafjörður	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Siglufjörður	60,6	65,0	35,0	Samþykkt
Ólafsfjörður	68,2	56,1	43,9	Samþykkt
Dalvíkurbyggð	64,9	36,0	64,0	Felld
Arnarneshreppur	77,8	34,7	65,3	Felld
Hörgárbyggð	65,5	11,5	88,5	Felld
Akureyri	22,9	44,4	55,6	Felld
Eyjafjarðarsveit	61,5	13,7	86,3	Felld
Svalbarðsstrandarhr.	71,6	25,8	74,2	Felld
Grýtubakkahreppur	82,0	1,0	99,0	Felld

Suður- og Norður-Pingeyjarsýslur	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Skútustaðahreppur	69,3	34,7	65,3	Felld
Aðaldælahreppur	78,8	24,2	75,8	Felld
Húsavíkurbær	27,5	74,8	25,2	Samþykkt
Tjörneshreppur	69,8	45,9	54,1	Felld
Kelduneshreppur	71,6	49,1	50,9	Felld
Óxarfjarðarhreppur	68,1	51,9	48,1	Samþykkt
Raufarhafnarhreppur	59,6	56,1	43,9	Samþykkt

Norður-Pingeyjarsýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Svalbarðshreppur	64,2	16,0	84,0	Felld
Þórshafnarhreppur	40,3	65,8	34,2	Samþykkt

Norður-Múlasýsla	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Skeggjastaðahreppur	61,2	65,4	34,6	Samþykkt
Vopnafjarðarhreppur	48,2	36,0	64,0	Felld

Austfirðir	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Mjóafjarðarhreppur	78,1	76,0	24,0	Samþykkt
Fjarðabyggð	46,4	53,0	47,0	Samþykkt
Fáskrúðsfjarðarhr.	73,2	72,4	27,6	Samþykkt
Austurbyggð	58,4	66,7	33,3	Samþykkt

Árnessýsla, uppsveitir	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Skeiða- og Gnúpv.hr.	69,1	52,3	47,7	Samþykkt
Hrunamannahreppur	59,1	30,4	69,6	Felld
Bláskógabyggð	50,2	58,5	41,5	Samþykkt
Grímsnes- og Grafn.hr.	49,4	16,3	83,7	Felld

Árnessýsla, Ölfus og Flói	Kosningar- þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
Gaulverjabæjarhr.	71,6	17,5	82,5	Felld
Svf. Árborg	28,3	40,3	59,7	Felld
Hraungerðishreppur	78,6	29,8	70,2	Felld
Villingaholtshreppur	68,9	12,1	87,9	Felld
Hveragerði	49,1	11,9	88,1	Felld
Svf. Ölfus	70,2	7,1	92,9	Felld

Úrslit kosninga um sameiningu

MISTÖK urðu við birtingu töflu um úrslit sameiningarkosninganna í Morgunblaðinu í gær. Er beðist vel-

virðingar á því. Hér birtist taflan rétt og má lesa úr henni hlutfalls- tölur um kosningaþátttöku og hve-


margin studdu eða felldu sameining- artillögur í hverju sveitarfélagi sem tók þátt í kosningunni.

ÚR VERINU

Útflutningur á óunnum fiski hefur aukist mikið

MUN meira var flutt utan af ísuðum fiski í gámum og í siglingum á síðasta fiskveiðiári en fiskveiðiári á undan. Það skýrist að hluta af mikilli aukningu á ýsu í kjölfar mun meiri ýsuaflla á síðustu tveimur árum. Útflutningur á ísuðum karfa vegur svipað á milli ára og sama gildir um þorskin og ufsann. Að meðtöldum öðrum botnfisktegundum og flatfiski má reikna með að heildarmagn upp úr sjó í gáma og siglingar hafi verið um 55 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiári. Þetta kom fram í skýrslu Arnars Sigurmundsson, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva, á aðalfundi samtakanna.

Ef fimm ára tímabil er skoðað kemur í ljós að mestu sveiflurnar hafa orðið í útflutningi á þorski og ýsu. Á fyrsta ári þessa fimm ára tímabils nam þorskurinn rúmlega 8 þúsund tonn, en á nýliðnu fiskveiðiári í tæp 10 þúsund tonn. Ýsan hefur sveiflast nokkuð eftir aflabrogðum og fór lægst í rúm 4 þúsund tonn, en var rúm 19 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiári. Mjög takmarkað hefur verið flutt út af ísuðum ufsa á síðustu fimm árum. Fór magnið niður í 250 tonn, en hækkaði upp í rúm 1.700 tonn upp úr sjó á síðasta fiskveiðiári. Árlegur útflutningur á ísuðum karfa verið á bilinu 8 þúsund upp í tæp 12 þúsund tonn í fyrra.



Breytt ráðstöfun botnfiskafllans

Ráðstöfun botnfiskafllans hefur breyst nokkuð á síðustu 10 árum. „Við upphaf tímabilsins var fjölgun vinnsluskípa komin fram að miklu leyti og tekið var að draga úr hlutdeild gámafisks. Veiðar utan lögsögunnar voru umtalsverðar á fyrstu 2-3 árum tímabilsins og sama gildi um innflutning á Rússaporski. En hlutirnir breyttast hratt. Mikill samdráttur varð í botnfiskveiðum utan lögsögunnar og vinnsla á rússafiski

innanlands minnkaði mjög mikið. Heildarbotnfiskafllinn hefur aftur á móti litið breyst á milli ára og verið um og yfir 500 þúsund tonn upp úr sjó flest árin.

Ráðstöfun botnfiskaflla til vinnslu innanlands var komin niður í tæp 60% fyrir áratug og hefur haldist mjög nálægt því hlutfalli síðan. Fyrstu sjö mánuði þessa árs er áætlað að 58% af botnfiskafllanum hafi farið til vinnslu hér á landi og ferskfiskvinnsla í flug innifalinn í þeim tölum. Er þetta 4 prósentustigum lægra hlutfall en á síð-

asta ári. Nær alveg hefur tekið fyrir innflutning á Rússaporski til vinnslu innanlands og var hann aðeins tæplega 350 tonn sem er meira en helmingi minna en á sama tíma í fyrra.

Hlutdeild vinnsluskípa í botnfiskafllanum hefur verið að meðaltali um og yfir 30% á síðustu árum. Fyrstu sjö mánuði þessa árs er hlutfall vinnsluskípa 26% og þessu til viðbótar kemur úthafsafli innlendra vinnsluskípa sem vegur um 2% fyrstu sjö mánuði ársins. Eru þetta svipaðar hlutfallstölur og á sama tímabili í fyrra.

Hlutfall gámafisks og siglinga fiskiskípa á erlendan markað náði hámarki, tæpum 20% fyrir einum og hálfum áratug. Síðan tók hlutfallið að lækka og varð nokkuð stöðugt eða 6-7% af heildarbotnfiskafllanum. Fyrstu sjö mánuði þessa árs er hlutfall gámafisks áætlað um 13% af botnfiskafllanum, en allt árið í fyrra nam gámafiskur 12%. Aukinn ýsuafli á verulegan þátt í aukningu gámafisks á síðustu tveimur árum.

En fiskvinnslan er ekki eingöngu háð hráefni af innlendum fiskiskípum. Ef við skoðum hlutfallstölur frá fiskveiðiarinu sem lauk 31. ágúst sl. kemur í ljós að 79% af hráefni til rækjuvinnslu er innflutt á móti 60% árið áður og 12% af uppsjávarfiski eru af erlendum veiðiskípum, sem er nær sama hlutfall og árið áður,“ sagði Arnar Sigurmundsson á aðalfundi SF.

Kolmunna-deilan snýst um 120 þúsund tonn

DEILAN um skiptingu kolmunnans snýst 120.000 tonn, sem eru að verðmæti um 800 milljónir króna upp úr sjó. Það verðmæti miðast við Noreg, en það er norska blaðið *Fiskaren*, sem hefur reiknað verðmætið út. Kolmunnaafllinn á þessu ári verður um tveir milljónir tonna og verðmæti þess afla um 16 milljarðar króna.

Deilan snýst nú um 6% heildarinnar, en Noregur Ísland og Evrópusambandið höfðu komið sér saman um skiptingu þannig að 57% kæmu í hlut Noregs og Evrópusambandsins, 18% í hlut Íslands og 25% í hlut Færeyja og Rússlands. Fiskaren segir Færeyinga hins vegar hafa krafist 27% hlutdeildar fyrir sig eina. Hlutdeild Rússa hefur verið um 4%, en þeir hafa veitt miklu herra hlutfall vegna fiskveiðisamninga við Færeyinga og ESB. Það standa því 6% út af miðað við samkomulag ESB, Noregs og Íslands. Fiskaren segir Færeyinga er athyglisverð í ljósi aflahlutdeildar þeirra á síðasta ári. Þá varð aflinn 2,4 milljónir tonna og var hlutur Færeyja minnstur, 322.000 tonn, eða um 13%. Rússar komu næstir með 347.000 tonn eða 15,4%, þá ESB með 360.000 tonn eða 15%. Ísland var með 422.000 tonn eða 17,6% og Noregur var með langmest, 958.000 tonn eða 40%.